



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

25. ágúst 2014 – 31. maí 2015

Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga
kl: 14:00—22:00

Föstudaga lokað.

Laugardaga og sunnudaga kl: 11:00—18:00

Sumaropnun

1. júní 2015 – 21. ágúst 2015

Mánudaga – föstudaga

kl: 10:00-22:00

Laugardaga og sunnudaga

kl: 10:00 -19:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:



HVATARBLAÐIÐ



Borg í sveit :)

- Alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Taktu daginn frá

Laugardaginn 30. maí verður viðburðurinn

Borg í sveit – alvöru sveitadagur

í Grímsnes- og Grafningshreppi haldinn í fyrsta skipti.

Þann dag munu fyrirtæki, bændur og einstaklingar í sveitarfélaginu taka höndum saman, hafa opið hjá sér og bjóða gesti og gangandi velkomna í heimsókn.

Dagskrá verður auglýst síðar.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur.

Kveðja, íbúar og fyrirtæki í
Grímsnes- og Grafningshreppi



Fundargerð.

364. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 1. apríl 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Harðar Óla Guðmundssonar

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

1. fundur sameiginlegrar fræðslunefndar og æskulýðs- og menningar-
málanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 31. mars 2015.

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Fulltrúi á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands hf.

Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna aðalfundar Lánasjóðsins
þann 17. apríl n.k.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. mars 2015.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá
18. mars 2015 liggur frammi á fundinum.*

2. Fundargerðir.

a) 86. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 12. mars 2015.

Mál nr. 9, 10, 11 og 13 þarfnast staðfestingar
sveitarstjórnar.

*Lögð fram 86. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita,
dags. 12. mars 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast
afgreiðslu sveitarstjórnar;*

Gamla Borg
KAFFIHÚS OG VEISLUSALUR
Í HJARTA GRÍMSNESS



Prjónakaffi á Gömlu Borg

*Fyrsta þriðjudagskvöld í hverjum mánuði
kl. 20:00 er prjónakvöld á Gömlu Borg.*


Allir velkomnir og munið eftir prjónunum!



Saumaökompan Kringlu Grímsnesi

*Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*

Elsa Jónsdóttir
Sími 486 4515





Tóbakslaus bekkur



Allir nemendur í sjöunda, áttunda og níunda bekk grunnskóla taka þátt í verkefninu *Tóbakslaus bekkur*. Fyrir í vetur fengu allir send pennaveski í viðurkenningarskyni og nýlega fór fram annar útdráttur vinninga. Dregnir voru út þrír bekkir sem fengu ásamt kennara sínum, húfur frá 66° Norður. Nemendur í 7. bekk Kerhólsskóla duttu í lukkupottinn og skarta flottum húfum á myndinni ásamt Bjarna umsjónarkennara sínum.

Eftirtaldir bekkir voru dregnir út:

- 7. IG í Seljaskóla
- 7. bekkur í Kerhólsskóla
- 8. HBÁ Akurskóla

Nánari upplýsingar eru á vefsvæði keppinnar:

www.landlaeknir.is/tobakslausbekkur

Hægt er að skoða lokaverkefni verðlaunahafa síðasta skólaárs í [frétt um úrslitin 16. maí 2014](#)

Mál nr. 9: 1503012 - Búrfellsvegur (351-01): Búrfell - Þingvallavegur: Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur erindi Vegagerðarinnar, dagsett 24. febrúar 2015 þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir endurbótum á Búrfellsvegi (nr. 351) frá Sogsvegi áleiðis að Búrfelli. Vegurinn verður að mestu í óbreyttri legu nema á kafla í landi Ásgarðs þar sem vegurinn verður færður á um 400 m kafla. Er það í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við fyrirbyggjandi erindi.

Mál nr. 10: 1503016 - Hraunsveigur 12-18: Kerhraun E-svæði: Göngustígur: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur erindi Þorvaldar Garðarsson, dagsett 4. mars 2015, f.h. Hrímgrundar ehf., þar sem óskað er eftir að gerð verði breyting á deiliskipulagi Kerhrauns, svæði E, sem felur í sér að göngustígur sem liggur á milli lóðanna Hraunsveigur 14 og 16 verði færður og verði í staðinn á milli lóða nr. 16 og 18 við sömu götu. Er Hrímgrund eigandi að lóðum 12, 14 og 16 en ekki lóð 18. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir eigendum lóðar nr. 18 og fêlagi sumarhúsaeygenda á svæðinu. Umsækjandi þarf að leggja fram tilheyrandi skipulagsgögn.

Mál nr. 11: 1503017 - Kerhraun C80 og C81: Sameining lóða: Deiliskipulagsbreyting

Fyrir liggur erindi Guðnýjar E. Gunnarsdóttur, dagsett 1. mars 2015 þar sem óskað er eftir að fá að sameina frístundahúsa-lóðirnar Kerhraun C80 og C81. Búið er að byggja frístundahús og geymslu á lóð C81 og var lóð C80 eingöngu keypt til að stækka lóðina. Sveitarstjórn hafnar því að sameina lóðirnar enda væri það í ósamræmi við almenna stefnu sveitarfélagsins undanfarin ár um að hvorki heimila skiptingu eða sameiningu lóða innan skipulagðra frístundabyggða þar sem uppbygging er farin af stað.

Mál nr. 13: 1503001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-03

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. mars 2015.

b) Fundargerð 9. fundar Skólabjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 17. mars 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

3. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Kiðjabergi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 19. mars 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Kiðjabergi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

4. Beiðni um styrk frá Sambandi garðyrkjubænda vegna gerðar heimildakvikmyndar um íslenska garðyrkju í tilefni þess að 60 ár eru liðin frá stofnun Sambandsins.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Sambandi garðyrkjubænda vegna gerðar heimildakvikmyndar um íslenska garðyrkju í tilefni þess að 60 ár eru liðin frá stofnun Sambandsins. Sveitarstjórn hafnar erindinu. Gunnar Þorgeirsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

5. Bréf frá Óskari Sigurðssyni hrl., f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps, til Innanríkisráðuneytisins vegna stjórnsýslukæru Jóns Péturssonar.

Á fundi sveitarstjórnar þann 4. mars s.l. var lögmanni sveitarfélagsins falið að svara bréfi Innanríkisráðuneytisins vegna stjórnsýslukæru Jóns Péturssonar. Fyrir liggur svarbréf Óskars f.h. sveitarfélagsins, dagsett 24. mars 2015. Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi bréf.

Þræstalandur í Þjóðbraut



Opið:

föstudaga og laugardaga 10:00 - 21:00

Sunnudaga til fimmtudaga 10:00 - 20:00

Verið velkomin Sími 486-8686



Myndasýningar



Guðfinna Ragnarsdóttir mun í maímánuði sýna viðtöl sem hún hefur tekið við tvo Grímsnesinga:

Sýningarnar verða á Gömlu Borg og hefjast kl. 15:00

Sigurður Gunnarsson á Bjarnastöðum, fimmtudaginn 14. maí,
Gunnar Jóhannesson á Hömrum, sunnudaginn 31. maí.

Kaffiveitingar

Allir velkomnir - Aðgangur ókeypis

Hollvinir Grímsness

ORMSSTAÐIR



Fjölskyldurekið
svínabú

ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT, beint frá bónda :)

Heimasala
Opið eftir samkomulagi

Sími 891-0932



Sjá www.ormsstadir.is

Við erum líka á facebook,
Ormsstaðir, Pantanir og
allar upplýsingar í síma

894 - 0932 eða 486 - 4465

ormsstadir@ormsstadir.is



Frá Hjálparsveitinni Tintron

Þar sem margir hafa komið að máli við okkur og vilja styrkja sveitina þá setjum við hér reikningsnúmer sem leggja má inná; 586-26-456 kt. 490487– 1319

Gleðilegt sumar !

6. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna framkominna athugasemda við auglýsta tillögu að Landskipulagsstefnu 2015 – 2026.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 19. mars 2015 þar sem fram kemur að Skipulagsstofnun hefur tekið saman umsögn um framkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Umsögnina er að finna á vef landskiplagsstefnu www.landsskiplag.is. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Forsætisráðuneytinu vegna fundar sem ráðuneytið hyggst halda á Gömlu Borg um málefni þjóðlendna.

Fyrir liggur bréf frá Forsætisráðuneytinu, dagsett 25. mars 2015 þar kynnt er að ráðuneytið hyggst halda fund um málefni þjóðlendna á Gömlu Borg, mánudaginn 18. maí n.k. kl. 9:30. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um að draga úr plastpókanotkun, 166. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

9. Bréf frá Þjóðskrá Íslands vegna Íbúaskrár Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2014.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 23. mars 2015 vegna íbúaskrár Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2014. Samkvæmt íbúaskránni þann 1. desember 2014 er íbúafjöldi sveitarfélagsins 434. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við íbúaskránni.

10. Sorpmál.

Fyrir liggur minnisblað frá Berki Brynjarssyni, dagsett 30. mars 2015 vegna sameignlegs sorpútboðs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

Í minnisblaðinu er óskað eftir aðkomu umhverfisnefnda sveitarfélaganna og að þær fundi með Tæknisviði Uppsveita og sveitarstjórum sveitarfélaganna. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi ósk.

11. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps.

Samþykkt er að fara í endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins og er sveitarstjóra / oddvita falið að semja um endurskoðun skipulagssins við Pétur H. Jónsson, skipulagsfræðing.

12. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði á óbreyttum tíma, þ.e. miðvikudaginn 15. apríl kl. 9:00 en auka-fundur vegna ársreiknings sveitarfélagsins verði miðvikudaginn 22. apríl kl. 9:00.

13. Önnur mál.

- a) **1. fundur sameiginlegrar fræðslunefndar og æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 31. mars 2015.**

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 1. fundargerð sameiginlegrar fræðslunefndar og æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 31. mars 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Tillaga til sveitarstjórnar.

Fræðslunefnd ásamt æskulýðs- og menningarmálanefnd leggur til að sveitarfélagið ráði starfsmann í 50% stöðu eins fljótt og hægt er til að byrja vinnu við skipulag og ut anumhald á æskulýðsstarfi barna og unglinga í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur nefndunum að skilgreina helstu verkefni starfsmannsins í samstarfi við sveitarstjóra. Jafnframt er nefndunum falið að gera áhugasviðskönnun meðal barna og unglinga í sveitarfélaginu.

Verslunin Borg

Opnunartími í vetur.

Mánud. - fimmtud. frá kl. 10:00-19:00

Föstud. og laugard. frá kl. 10:00-20:00

Sunnudaga frá kl. 11:00-18:00

Sími : 486-4408

Verið velkomin - alltaf heitt á könnunni

FEDGAVERK



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur -
jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega.

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Sumarblómin og kryddið færðu hjá okkur.



Opið virka daga
frá kl. 10-14
eða eftir
samkomulagi
Sími 694 8405.



Verið velkomin !



Kæru sveitungar !

Við hvetjum alla til
þess að taka til í
kringum bæinn sinn og
gera fínt fyrir sumarið.
Minnur á að það er
gjaldfrjálst að henda
rusli á gámostöðinni í
Seyðishólum.



b) Fulltrúi á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands hf.

Fyrir liggur að tilnefna þarf fulltrúa sveitarfélagsins á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. sem haldinn verður 16. apríl n.k. Samþykkt er að Ingibjörg Harðardóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum og Gunnar Þorgeirsson til vara.

c) Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna aðalfundar Lánasjóðsins þann 17. apríl n.k.

Fyrir liggur bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., dagsett 30. mars 2015 þar sem tilgreint er að aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verði haldinn þann 17. apríl n.k. og óskað eftir framboðum í stjórn Lánasjóðsins. Samþykkt er að Gunnar Þorgeirsson, oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum og Ingibjörg Harðardóttir til vara.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 163. stjórnarfundar 26.03 2015.
- ✓ Bréf frá Héraðssambandinu Skarphéðni, dagsett 26. mars 2015 með tillögum sem samþykktar voru á 93. héraðsþingi HSK þann 15. mars s.l.
- ✓ Héraðssambandið Skarphéðinn, ársskýrsla 2014.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:15

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is

Þjónustuaðilar í Grímsnes- og Grafningshreppi
www.gogg.is



FUNDARGERÐ.

366. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 15. apríl 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps.

Á fundinn mættu Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi og Pétur H. Jónsson, skipulagsfræðingur. Farið var yfir þau áhersluatriði sem breyta þarf við endurskoðun aðalskipulagsins. Sveitarstjóra / oddvita falið að ganga til samninga við Pétur H. Jónsson.

2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. apríl 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. apríl 2015 liggur frammi á fundinum.



Frá Kvenfélagi Grímsneshrepps

Vorfundur Kvenfélagsins verður haldinn í Félagsheimilinu Borg, þriðjudaginn 19. maí og hefst kl. 19.10

Stiklað verður á stóru hvað er framundan hjá okkur sem og nefndir gera stuttlega grein fyrir sinni vinnu.

Örerindi frá nefndum:

- ✓ Sumarbústaðanefnd – staða framkvæmda og annað
- ✓ 100 ára kosningarafmæli kvenna – Sameiginleg nefnd með kvenfélögum uppsveita - viðburðir og verkefni
- ✓ 100 ára afmælisritnefnd Kvenfélagsins – hugmyndir af verkefnum og staðan
- ✓ Grímsævintýranefnd – gerir grein fyrir stöðu undirbúnings. Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur og ritstjóri Húsfreyjunnar kemur með fyrirlesturinn *Listin að lifa*.

Fögnum sumrinu og fyllum okkur af birtu og sól að innan og smitum það út í vorið og sumarið ☺

Létt og hollt kvöldnasl verður á boðstólnum
Vonumst til að sjá ykkur sem flestar ☺

Stjórn Kvenfélags Grímsneshrepps

Fyrirtæki og einstaklingar!

Við erum byrjaðar að taka á móti tombóluvinningum fyrir okkar árlegu tombólu á Grímsævintýrum laugardaginn 8. ágúst.

Nánari upplýsingar er að fá hjá tombólunefnd:
Sigríður Björnsdóttir s. 869-2083 og
Ásdís Einarsdóttir s. 869-2574

Sjáumst á Grímsævintýrum 8. ágúst ☺



Ljósmyndakeppni Grímsnes- og Grafningshrepps 2015

Atvinnumálanefnd kynnir fyrir ykkur ljósmyndakeppni
Grímsnes- og Grafningshrepps sem stendur frá
1. mars til og með 30. september 2015.

Flokkarnir eru eftirfarandi:

- ✓ **Landslagsmyndir** – allar landslagsmyndir teknar í sveitarfélaginu
- ✓ **Mannlífið** – sveitungar, viðburðir og daglegt líf í sveitarfélaginu
- ✓ **Frumlegasta myndin** – myndin verður að hafa þekkt kennileiti úr sveitarfélaginu í bakgrunni

Senda þarf myndirnar ásamt upplýsingum um hvar myndin er tekin, hvenær hún er tekin og nafn á ljósmyndaranum á karl@gogg.is fyrir 30. september.

Hægt er að senda inn eins margar myndir og hver vill. Tilkynnt verður um sigurvegara í byrjun nóvember og eru verðlaun í boði.

Hugmyndin á bak við keppnina er sú að safna myndum sem hugsanlega er hægt að nota í kynningarefni sveitarfélagsins sem og önnur verkefni t.d. dagatal, heimasíðu og fleira.

Áætlað er að halda ljósmyndasýningu í Sundlauginni á Borg í kjölfarið þar sem að myndirnar verða til sýnis.



3. Fundargerðir.

- a) 87. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 30. mars 2015.

Mál nr. 10, 11, 12, 13 og 14 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 87. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 30. mars 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 10: 1503044 - Nesjavallavirkjun:
Borun vinnsluholu: Framkvæmdaleyfi.**

Fyrir liggur umsókn Orkuveitu Reykjavíkur dagsett 18. mars 2015 um veitingu framkvæmdaleyfis fyrir borun vinnsluholu á Nesjavöllum til að mæta gufurýrnun virkjunarinnar. Í framkvæmdinni felst að boruð verður ný hola ofan við Nesjalogagil þar sem holutoppur holu NJ-13 er nú.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við fyrirbyggjandi erindi, með fyrirvara um umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

**Mál nr. 11: 1503063 - Markabraut 1 169744:
Markabraut 2: Stofnun lóðar.**

Fyrir liggja lóðablöð sem sýna skiptingu sumarhúsalóðarinnar Markabraut 1 í Vaðnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi, í tvennt. Lóðin er í dag 36.600 fm samkvæmt fasteignaskrá en eftir skiptin verður önnur 21.000 fm og hin 15.000 fm. Núverandi hús verður hluti af stærri lóðinni. Gert er ráð fyrir að hinn hlutinn verði sameinaður lóðinni Vaðnesvegur 2 (lnr. 169743)

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar með fyrirvara um að ný spilda verði sameinuð aðliggjandi lóð.

**Mál nr. 12: 1503045 - Hamrar 1 168249:
Hamrar 3: Stofnun lóðar.**

Fyrir liggur erindi Þorsteins Garðarssonar dagsett 20. mars 2015, f.h. eigenda Hamra 1 (lnr. 168429) þar sem óskað er eftir samþykki fyrir skiptingu jarðarinnar í Hamra 1 og Hamra 3.

Þá er jafnframt óskað eftir heimild til að gera landamerkjaskurð milli Hamra 1 og Hamra 3 (frá hnit 10 að hnit 11) og gera veg á mörkum frá Sólheimum að núverandi vegslóða. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi skiptingu og heldur ekki við fyrirhugaða veglagningu, þegar fyrir liggur skriflegt samþykki eigenda Sólheima. Sveitarstjórn vill beina því til landeigenda að hugað verði að vegtengingu við landið með framtíðarnýtingu þess í huga.

Mál nr. 13: 1503046 - Nesjavallavirkjun 170925: Nesjavellir lóðir 170930, 212495 og 170926: Samruni lóða.

Fyrir liggur erindi Eflu verkfræðistofu dagsett 20. mars 2015, f.h. Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem óskað er eftir að lóðir með lnr. 212495, 170930 og 170925 verði sameinaðar lóðinni Nesjavallavirkjun lnr. 170925. Þá er einnig verið að lagfæra stærð lóðarinnar Nesjavallavirkjun. Tvær lóðanna eru skráðar sem lóðir fyrir frístundabyggð og ein sem einbýlishúsalóð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að stærð iðnaðarlóðar Nesjavallavirkjun verði lagfærð en hafnar að sumarhúsalóðirnar tvær og lóð undir starfsmannahúsi verði sameinaðar iðnaðarlóð virkjunarinnar. Að mati sveitarstjórnar samræmist nýting sumarhúsa og íbúðarhúss ekki landnotkun iðnaðarsvæðis.

Mál nr. 14: 1501004 - Frístundabyggð Hagavík reitur B: Deiliskipulag.

Fyrir liggur auglýst tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á svæði úr landi Hagavíkur við Þingvallavatn í Grímsnes- og Grafningshreppi. Tillagan nær til reits B samkvæmt þinglýstum skiptum fyrir land Hagavíkur. Innan svæðisins eru tvö eldri frístundahús auk bátaskýlis. Í tillögunni er afmörkuð 0,9 ha lóð utan um annað frístundahúsið og 0,2 ha lóð utan um bátaskýlið. Þá er afmörkuð ný 0,9 ha lóð fyrir nýtt frístundahús. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga 8. janúar 2015 með athugasemdafresti til 20. febrúar. Ein athugasemd barst auk þess sem fyrir liggja umsagnir Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar Íslands. Fyrir liggur að sátt er um að lagfæra gögn til samræmis við innkomna athugasemd.

**Minniborgir
Magnús Jónsson
Golfvöllurinn Öndverðarnesi
Golfvöllurinn Kiðjabergi
Golfvöllurinn Hraunborgum
Kraftaverk – Framkvæmdarráðgjöf
Pétur Thomsen
Elín Lára – Hundakynning
Antonía Helga Vaðnesi
Adrenalíngarðurinn Nesjavöllum
Gamla-Borg
Stærri Bær
Feðgaverk
Búrfellskirkja
Mosfellskirkja
Hjálparsveitin Tintron
Tjaldsvæðið á Borg
Gróðurstöðin Hæðarenda
ION Hótel
KÞ Verktakar
Sumarhús og garðurinn
Kerhólsskóli
Sólheimar
Hótel Grímsborgir
Gámapjónustan
Jóhanna Katrín Bender**

Nánari dagskrá verður auglýst síðar





Borg í sveit :)

- Alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Kæri sveitungi

Þú hefur enn tækifæri á að skrá þig til leiks í viðburðinn

Borg í sveit – alvöru sveitadagur

Það geta allir verið með.

Við hvetjum alla sem hafa áhuga á að taka þátt að skrá sig annað hvort í síma **859-9557** eða í gegnum tölvupóst asavaldis@gogg.is fyrir **11.maí**.

Eftirtaldir aðilar hafa þegar tilkynnt þátttöku sína:

Íþróttamiðstöðin Borg
Gróðrarstöðin Ártangi
Ormsstaðir
Litboltavöllurinn Bíldsfelli
Þrastalundur
Verslunin Borg
Kerið
Ljósafofsskóli Hostel
Litli Háls
Stóri Háls
Landsvirkjun

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið með breytingum til samræmis við innkomna athugasemd og til að koma til móts við ábendingar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Þegar lagfæringar hafa verið gerðar verði deiliskipulagið sent Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

b) Fundargerð 23. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 30. mars 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 4. fundar húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 7. apríl 2015.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 4. fundargerð húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 7. apríl 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Ásýnd hússins.

Húsnefnd félagsheimilisins Borgar leggur það til við sveitarstjórn að gerð verði verðkönnun í glugga og Steni klæðningu fyrir húsið. Jafnframt óskar nefndin eftir að fá að koma að litavali klæðningarinnar. Sveitarstjórn felur Tæknisviði Uppsveita að leita tilboða í samræmi við tillögu nefndarinnar.

4. Siðareglur Grímsnes- og Grafningshrepps.

Samkvæmt 29. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ber sveitarstjórnnum að setja sér siðareglur sem ná til allra kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar. Lagður er fram bæklingur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um gerð siðareglna og hlutverk siðanefnda. Sveitarstjóra er falið að gera drög að siðareglum fyrir sveitarfélagið og leggja fyrir sveitarstjórn.

5. Stefna vegna lóða nr. 18 og 24 í Ásborgum.

Fyrir liggur stefna á hendur sveitarfélaginu vegna riftunar á kaupsamningi lóða nr. 18 og 24 í Ásborgum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins í málinu.

Til kynningar

- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 827. stjórnarfundar, 27.03 2015.
- ✓ Aðalfundarboð Klausturhóls, félags sumarhúsaeigenda, mánudaginn 27. apríl 2015.
- ✓ Bréf frá Minjastofnun Íslands, dagsett 26. mars 2015 vegna umsagnar stofnunarinnar við breytingu á deiliskipulagi í landi Hagavíkur B, Grímsnes- og Grafningshreppi.
- ✓ RARIK, ársskýrsla 2014.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:15



Húsaleigubætur

Minnum á að þeir aðilar sem þiggja húsaleigubætur í sveitarfélaginu þurfa að skila inn

staðfestu skattframtali 2015 og þremur síðustu launaseðlum sínum fyrir 16. maí n.k. til skrifstofu sveitarfélagsins svo húsaleigubætur falli ekki niður.

Sveitarstjóri

Allir eiga að koma með hollt og gott nesti: samloku, ávöxt og drykk. Allt gos og sælgæti er stranglega bannað.

Á blíðviðrisdögum er m.a. farið í sund og því nauðsynlegt að hafa sundfötin alltaf til taks.

Þeir sem hafa áhuga eða vilja frekari upplýsingar senda póst á **valgeir@solheimar.is** eða hringja í síma **847-1907/855-6022**.

Sólheimar eiga afmæli í sumar - 85 ára 1930-2015



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Menningarveisla Sólheima

6. júní — 22. ágúst 2015

Alla laugardaga í sumar verða tónleikar í Sólheimakirkju með frábæru tónlistarfólki og áhugaverðar vinnustofur og fyrirlestrar í Sesseljúhúsi. Listasýningar verða inni og úti. Kaffihúsið Græna Kannan býður uppá veitingar. Verslunin Vala er opin alla daga með úrval af matvöru og listmunum frá vinnustofum Sólheima. Skógræktarstöðin Ölur ræktar og selur tré, runna, sumarblóm og kryddjurtir. Gistiheimili Sólheima er opið fyrir gesti og gangandi.

Fylgist með dagskránni á heimasíðu Sólheima www.solheimar.is

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðva frá 1. maí til 31. ágúst

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur		10:00 - 13:00		14:00 - 17:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 17:00	
Miðvikudagur		10:00 - 13:00		14:00 - 17:00
Fimmtudagur	10:00 - 12:00		14:00 - 17:00	
Föstudagur			12:00 - 14:00	15:00 - 17:00
Laugardagur		14:00 - 16:00	14:00 - 16:00	14:00 - 16:00
Sunnudagur	10:00 - 12:00	14:00 - 18:00	14:00 - 18:00	14:00 - 18:00

Leiðbeinandi leikjanámskeiðs óskast!!



Við erum að leita að leiðbeinanda, einhverjum duglegum, reglusömum, jákvæðum, lífsglöðum, úrræðagóðum og síðast en ekki síst barngóðum einstaklingi (eldri en 18 ára) sem langar að vinna á Sólheimum frá 1. júní til 21. ágúst 2015.

Vinnutími er frá 08:00-17:00 alla virka daga. Á morgnana eru ýmis fjölbreytt og skemmtileg verkefni, úti og/eða inni, s.s. umhverfis- og garðyrkjustörf, vinnustofur, verkstæði, fer allt eftir þörfum.

Eftir hádegið hefst leikjanámskeið Sólheima og það er aðalmálið því í sveitarfélaginu okkar búa afar skemmtilegir krakkar og það er ekki leiðinlegt að fara út að leika með þeim. Við viljum vera viss um að allar öryggisreglur séu virtar og að börnin séu vernduð.

Hér er lýsing á leikjanámskeiðinu:

Leikjanámskeið á Sólheimum í sumar fyrir alla krakka í Grímsnes- og Grafningshreppi

Í sumar bjóða Sólheimar öllum börnum, 6 ára og eldri, sem búa í Grímsnes- og Grafningshreppi á leikjanámskeið frá 5. júní til 10. ágúst 2015.

Á námskeiðinu verður útivist, náttúruskoðun, fræðsla og fjölbreyttir leikir.

Leikjanámskeiðið stendur hálfan daginn frá kl 13:00 - 16:00 og mæting er fyrir utan Sólheimahús.

Leikjanámskeiðið er styrkt af sveitafélaginu og er því **þátttaka án endurgjalds**. Vinsamlegast gætið þess að börnin séu klædd eftir veðri og komi með viðeigandi aukafatnað, regnföt og stígvél. Við látum ekki rigninguna stoppa okkur! frh.



FUNDARGERÐ.

367. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 22. apríl 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2014 lagður fram til fyrri umræðu. Á fundinn mætti Ólafur Gestsson, endurskoðandi Pwc og fór yfir reikninginn. Ársreikningi vísað til annarrar umræðu.

2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. apríl 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. apríl 2015 liggur frammi á fundinum.

3. Fundargerðir.

a) Fundargerð 44. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 10. apríl 2015.

Mál nr. 1 og 5 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 44. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 10. apríl 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Leikskólinn starfið og húsnæðið.

Í fundargerð fræðslunefndar var eftirfarandi bókað; „Fræðslunefnd hvetur sveitarstjórn til að skoða að taka matreiðslustofuna undir leikskólastarf þar sem að leikskólinn þarfnast meira rýmis til að geta aldursskipt leikskólastarfinu. 3 stofur þýðir að hægt sé að skipta leikskólastarfinu auðveldar upp í 3 aldurshópa og auðveldar þar af leiðandi allt starf í leikskólanum. Einnig þarf að tryggja að matreiðslustofa fái örugglega sitt rými annarsstaðar“. Sveitarstjóra falið að kostnaðargreina verkefnið og leggja fyrir sveitarstjórn.

Mál nr. 5: Önnur mál.

- c) Fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að skoða úrræði vegna 9 mánaða barna þar sem engar dagmæður eru í sveitarfélaginu til að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskólavistar. Sveitarstjóra falið að kostnaðargreina verkefnið og leggja fyrir sveitarstjórn.
 - e) Sigmar kynnti hugmynd frá starfsmanni í leikskóladeild um að fá fullt af timbri og svæði til að hafa það á fyrir elstu börn leikskóladeildar til að vinna með (t.d. kofasmiði), óskað er eftir viðbrögðum frá sveitarstjórn. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.
- b) Fundargerð 14. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. febrúar 2015.

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 14. fundargerð atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. febrúar 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Sólheimakirkja, helgihald í maí mánuði !



Guðspjónusta í Sólheimakirkju sunnudaginn 10. maí kl. 14:00

Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson sjúkrahúsprestur predikar

Sr. Birgir Thomsen þjónar fyrir altari

Ester Ólafsdóttir organisti leiðir almennan safnaðarsöng
Félagar í Oddfellowstúkunni Þorfinnur Karlsefni lesa ritningarlestra

Meðhjálpari er Erla Thomsen

Verið öll hjartanlega velkomin í Sólheimakirkju

Fermingarmessa í Sólheimakirkju á Hvítasunnudag kl. 14:00

Fermd verður Telma Rut Jónsdóttir frá Ormsstöðum

Sr. Birgir Thomsen þjónar fyrir altari

Ester Ólafsdóttir organisti leiðir almennan safnaðarsöng

Meðhjálpari er Erla Thomsen

Verið öll hjartanlega velkomin í Sólheimakirkju

Kerling	Skersli
Klukkuskarð	Skjaldbreiður
Kringlumýri	Skollabrekkur
Kræklur	Skógartögl x)
Lambahlíðar	Skriðan
Langafell	Skriðuhnjúkur
Langidalur	Skriðutindar
Lágafell	Sköflungur
Litlibarmur	Sköflungsháls
Litli-Dímon	Stelpuhellir,
Lyngbrekkur	Stelpuhæð, Stelpumýri,
Lyngdalur	Stóri-Dímon
Lyngdalsheiði	Stóribarmur
Markabrekkur	Svefnbrekkur
Meyjarsæti x)	Söðulhólar
Moldbrekkur	Tjaldafell
Mófell	Tindaskagi
Nautabrekkur	Tintron
Ormavellir	Tröllháls
Prestastígur	Tröllatindur
Reyðarbarmur	Þjófahnjúkur
Sandgígur	Þjófahraun
Selhöfuð	Þórisdalur
Skefílfjallahnjúkur	Þrasaborgir, Þrasaborgalind
Skefílfjöll	Þumall

?) nýlegt, kennt við núlifandi menn eða fjallmenn fyrri kynslóðar
X) trúlega utan hreppamarka GogG, strangt til tekið

Bjarni Þorkelsson, kennari í Kerhólsskóla.



Mál nr. 2: Opinn dagur 30. maí.

Atvinnumálanefnd óskar eftir að sveitarfélagið greiði kostnað af auglýsingum vegna opna dagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi beiðni.

c) Fundargerð 15. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. apríl 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Samtök orkusveitarfélaga.

Fundargerð 20. stjórnarfundar, 13.04 2015.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 20. fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 14. apríl 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga.

Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga lagður fram til kynningar hjá aðildarsveitarfélögum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við ársreikninginn.

Til kynningar

- ✓ Eignarhaldsfélag Suðurlands hf., ársreikningur 2014.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga, ársskýrsla 2014.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Lánasjóður sveitarfélaga ohf., ársskýrsla 2014.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:45

Örnefni á smalaslóð fjallmanna í Grímsnesi.

Í Kerhólsskóla er nú nýlokið þemadögum, þar sem viðfangsefnin voru: Umhverfi, náttúra og örnefni. Allt var þetta byggt í kringum ratleik, sem tveir af kennurum okkar höfðu útbúið í endurmenntunarnámi sínu. Það eru atorkukonurnar Alice og Ragna. Svo leiðis vildi til einnig að undirritaður hafði tekið saman - með hjálp góðra manna – lista um örnefni á smalaslóð, einkum af Lyngdalsheiði og Grímsnesafrétti. Þessi örnefnalisti var eitt af þeim gögnum sem notuð voru á þemadögunum, reyndar var hann óspart tekinn til hver kyns nota. Enda stendur til, þegar börnin hafa kynnst og unnið með örnefnin, að hafa hann við hendina, þegar farið verður að nefna og merkja kennslustofur og önnur rými í nýja skólahúsinu - og einmitt til þess var leikurinn gerður í upphafi. Sumt af þessum örnefnum er raunar þegar farið að nota í gamansemi, svo vel þykja þau hæfa!

Það er von mín að geta betur sagt frá þemadögunum hér á síðum Hvatarblaðsins, við næsta tækifæri. Hins vegar er það svo að ég hef verið beðinn um að birta fyrirnefndan örnefnalista hérna í Hvatarblaðinu, og til þess er ég fús – og ekki eftir neinu að biða!

Örnefni á smalaslóð Grafningsmanna bíða þangað til næst, sá listi er í vinnslu. Einnig getur hugsast að þá verði skyggst um í þeim efnispáttum sem unnið var með á þemadögunum, og birtar vísur, sögur og kvæði af smalaslóð hreppanna.

Eins og fyrr segir, eru fara hér á eftir örnefni á smalaslóð Grímsnesinga. Ekki er hirt um nákvæm hreppamörk í því sambandi, og kann sumt að orka tvímælis í hugum lesenda, þótt fyrir því sé fótur að mati gamalreyndra fjallmanna, sem víða hafa ratað. Allar ábendingar, leiðréttingar og viðbætur eru vel þegnar. Full ástæða er til að biðja lesendur að virða viljann fyrir verkið, því að allt orkar tvímælis þá er gert er.

„Aldan“	Gálgagil
Áfangamýri	Fífílvellir
Hrafnabjargabás, Básinn,	Flosaskarð
Bjarkarásar	Hamraselshellir
Beinavarða x)	Hannesarvarða ?)
Biskupsbrekka x)	Hoffmannaflöt x)
Bjargahnjúkar	Hrólfsdalur
Breiðarflöt	Hrólfs hólar
Böðvarssæti, Böðvarsbunga ?)	Hrafnabjargaháls, Hálsinn
Drift	Hrafnabjörg
Driftarendi	Hrúttadalir
Eldborg, Eldborgir	Hrútfjöll
Gjábakki, Gjábakkahraun x)	Illakelda
Grásteinn, Grásteinsbrekka	Ingó ?)
Gatfell	Jafnabrekkur
Gatfellsflöt	Karl
Goðaskarð	Kálfstindar